

Tillögur verkefnisstjórnar um framvindu og fyrirkomulag við sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala

Til: Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra
Frá: Verkefnisstjórn um sameiningu Landspítala og St. Jósefsspítala
Dags: 24. janúar 2011

Velferðarráðherra ákvað með bréfi dagsettu 3. desember 2010 að sameina Landspítala og St. Jósefsspítala frá og með 1. febrúar 2011. Í bréfi ráðherra var tekið fram að Sólvangur yrði ekki hluti af sameiningunni. Minnt var á að sameiningin væri leið til þess að ná fram nauðsynlegri hagræðingu. Verkefnisstjórn var skipuð til þess að undirbúa sameininguna og var falið að fjalla m.a. um skurðstofur, göngudeild meltingasjúkdóma, lyflækningar og starfsmannamál.

Verkefnisstjórnin hefur unnið að sameiningunni og hefur hist á 17 fundum þar sem ritaðar hafa verið fundargerðir. Verkefnisstjórnin hefur m.a. unnið í nánú samstarfi með Fjólu M. Ágústsdóttur sérfræðingi ráðuneytisins í breytingastjórnun. Þá hefur verkefnisstjórnin fundað reglulega með Sveini Magnússyni skrifstofustjóra í Velferðarráðuneytinu. Fram kom af hálfu ráðuneytisins að starfrækja skyldi legudeild fyrir almennar lyflækningar í húsnæði St. Jósefsspítala.

Verkefnisstjórnin varð sammála um það í upphafi að leggja aðaláherslu á að þjónusta við sjúklinga haldist áfram góð, að sem flestu starfsfólki verði gefinn kostur á að starfa áfram á hinni sameinuðu stofnun og að fagleg þekking haldist. Um leið þarf sú hagræðing að nást sem stefnt er að og kemur fram í fjárlögum fyrir árið 2011.

Verkefnisstjórnin hefur sett af stað fjóra vinnuhópa, um sameiningu skurð-, svæfinga- og handlækningadeilda, um sameiningu meltingasjúkdómadeilda, um starfsmannamál og um fjármál og rekstur. Einnig hafa samskipti verið á milli stofnana hvað varðar upplýsingatæknimál og rekstur fasteigna.

Stjórnun

Verkefnisstjórn er sammála um að stjórnun einstakra eininga verði samræmd eins fljótt og kostur er eftir sameiningu.

Starfsemi skurð-, svæfinga- og handlækningadeilda

Verkefnisstjórnin leggur til að flytja alla skurðstofustarfsemi og handlækningadeild frá St. Jósefsspítala yfir á Landspítala. Vinnuhópur sem skipaður var um þau mál kom með tillögur um hvernig þetta mætti verða og hvaða áhrif þessi breyting hefði líklega á skurðstofur og legu- og dagdeildir Landspítala (fylgiskjal 1). Tilflutningur þessara verkefna getur hafist strax og markmiðið er að því verði lokið 1. apríl 2011.

Meltingalækningar og tengd starfsemi

Verkefnisstjórn er sammála um að öll starfsemi meltingalækninga flytjist yfir á Landspítala eigi síðar en 1. september 2011 (fylgiskjal 2 og 3). Forsenda þess er að endurbótum á speglunaraðstöðu Landspítala við Hringbraut sé lokið. Ljóst er af starfi vinnuhóps um meltingalækningar að starfsemi meltingasjúkdómadeilda á St. Jósefsspítala og Landspítala hefur þróast á ólíkan hátt. Landspítalinn með meiri áherslu á bráðatilfelli en St. Jósefsspítala á göngudeildarþjónustu, teymisvinnu vegna langvinnra sjúkdóma og forvarnir. Verkefnisstjórn leggur því til að vinnuhópur um meltingasjúkdóma frá báðum aðilum móti áherslur hinnar sameinuðu stofnunar hvað varðar þjónustu við sjúklinga með meltingasjúkdóma.

Legudeild lyflækninga

Legudeild almennra lyflækninga verður áfram í húsnæði St. Jósefsspítala með áherslu á sjúklinga sem ekki eru bráðveikir heldur að ljúka meðferð, eða í endurhæfingu eða að bíða eftir frekari úrræðum jafnt innan Landspítala sem utan. Í völdum tilfellum verði hægt að taka á móti sjúklingum frá heilsugæslu og öldrunarþjónustu í Hafnarfirði og nágrenni en þó á sömu forsendum og með sömu öryggiskröfum og fyrir aðra sjúklinga.

Stoðþjónusta á St. Jósefsspítala

Verkefnisstjórn hefur ekki fjallað ítarlega um stoðþjónustu eins og röntgen og rannsókn á St. Jósefsspítala en ljóst er að hún mun aðlagast eftir þörfum og í samræmi við fyrirhugaðar breytingar á starfsemi.

Starfsmannamál

Starfsmannamál eru flókin og erfið við sameiningu stofnana. Af hálfu ráðuneytisins upplýstist að um sameiningu tveggja stofnana væri að ræða undir nafni og kennitölu Landspítala. Einnig að lög við aðilaskipti, nr.72/2002 væru rammi starfsmannamála sem og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þá kom fram að núverandi forstjórar taki allar ákvarðanir fyrir sínar stofnanir þar til sameiningin yrði 1. febrúar 2011. Verkefnisstjórnin naut ráðgjafar Odds Gunnarssonar yfirlögfræðings Landspítala. Í ljósi aðilaskiptalaganna er lítið svo á að allir starfsmenn séu í starfi hjá hinni sameinuðu stofnun, að þeim starfsmönnum frátöldum sem fylgja Sólvangi standi það þeim til boða. Vinnuhópur um starfsmannamál hefur þegar hafið störf og gert er ráð fyrir að hann haldi áfram störfum eftir sameiningu. Ekki verður hægt að vinna úr málum einstakra starfsmanna, þar á meðal stjórnenda, fyrr en eftir sameiningu.

Fjármál og rekstur

Vinnuhópur um fjármál og rekstur er þegar að störfum til þess m.a. að vinna að sameiningu launabókhalds, fjárhagsbókhalds, innheimtu, samskipti við birgja o.þ.h.. Hópurinn vinnur í samráði við Ríkisendurskoðun, velferðarráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Fjársýslu ríkisins.

Þar sem útfærsla flestra þeirra tillagna sem ofan eru taldar hefur ekki farið fram þá hefur ekki verið gerð endanleg rekstraráætlun fyrir sameinaðan spítala. Því eru ofangreindar tillögur eins og öll önnur starfsemi háð því að það takist að útfæra rekstraráætlun innan fjárheimilda.

Virðingarfyllst,

Árni Sveinsson

Gunnar Valtýsson

Jón Hilmar Friðriksson

Lilja Stefánsdóttir

Steinunn Eiríksdóttir

Vilhelmína Haraldsdóttir

Fylgiskjal 1: Tillögur vinnuhóps um skurðlækningar
Fylgiskjal 2: Kynning vinnuhóps um meltingalækningar
Fylgiskjal 3: Minnisblað verkefnisstjórnar um meltingalækningar